



Reglur um hvatagreiðslur Dalvíkurbyggðar

Reglur, markmið og skilyrði fyrir niðurgreiðslu Dalvíkurbyggðar á frístundastarfi hjá börnum og ungmennum á aldrinum 4 – 17 ára.

Markmið með hvatagreiðslum:

- Er að gera börnum með lögheimili í Dalvíkurbyggð kleift að taka þátt í frístundastarfi óháð efnahag fjölskyldna. Hafi barn búsetu en ekki lögheimili hjá öðru foreldri sínu búsettu í Dalvíkurbyggð í a.m.k. 2 mánuði á það barn einnig rétt á hvatagreiðslum á meðan það hefur búsetu í Dalvíkurbyggð. Með frístundastarfi er átt við starf íþróttafélaga, leiklistarfélaga, myndlistarfélaga, tónlistarskóla og e.t.v. fleira. Ef vafi leikur hvort frístundin séu viðurkennd er forsvarsmanni félags bent á að hafa samband við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.
- Niðurgreiðslan stuðli að því að vinna gegn brottfalli.
- Þátttaka í íþrótt- og æskulýðsstarfi muni aukast og með því verði forvarnir eflar í sveitarfélaginu.

Skilyrði til niðurgreiðslu:

- Starfsemi íþrótt- og æskulýðsfélags þarf að uppfylla forvarna og uppeldisleg gildi. Jafnframt skulu íþrótt- og æskulýðsfélög hafa staðfestingu á að þjálfarar og leiðbeinendur séu með hreint sakavottorð samkvæmt æskulýðslögum.
- Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og ungmenna.
- Starfsemin nái yfir eina önn eða að lágmarki 10 klukkustundir. Hægt er að sækja um til íþrótt- og æskulýðsfulltrúa áður en námskeið hefst ef um undantekningu er að ræða. Meti hann svo að starfsemin falla undir forvarnargildi relgnanna þá er honum heimilt að leyfa það. Skal þar t.d. horft til að ná til ófélagsbundinna barna og unglinga og virkja þau í skipulögðu félagsstarfi.
- Að einstaklingur/félagið/stofnunin sem stendur fyrir frístundastyrkhæfu tómsunda og/eða frístundastarfi hafi gert samning um móttöku hvatagreiðslna við Dalvíkurbyggð.
- Ef þátttökugjald er hærra en nemur hvatagreiðslu Dalvíkurbyggðar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum.
- Niðurgreiðsla Dalvíkurbyggðar skal ekki nema hærri fjárhæð en ákvörðuðu æfingagjaldi.



Reglur um notkun hvatagreiðslna:

- Styrkurinn veitir foreldrum og forráðamönnum rétt til að ráðstafa ákveðinni upphæð á ári fyrir hvert barn. Skal sú upphæð ákveðin við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Fyrir árið 2023 er upphæðin kr. 30.000.-
- Frístundastyrkur er rafrænn og foreldrar velja að nýta hann þegar þeir skrá börn sín á styrkhæft námskeið, íþróttæfingar, tónlistarnám o.s.frv.
- Frístundastyrkur færast ekki á milli almanaksára og fellur ónýttur styrkur úr gildi í lok hvers árs

Framkvæmd

- Skilyrði er að skráning og greiðsla á viðkomandi námskeið sé gerð með rafrænum hætti og skal viðkomandi skráningarkerfi tengjast frístundakerfi Dalvíkurbyggðar.

Staðfest í íþrótt- og æskulýðsráði 7. maí 2013

Staðfest í sveitarstjórn 14. maí 2013

Uppfært og staðfest á fundi íþrótt- og æskulýðsráðs 03.11.2015

Aldursviðmiðum breytt í íþrótt- og æskulýðsráði 7. desember 2021

Staðfest í sveitarstjórn 14.12.2021

Reglur uppfærðar og styrkur verður ein tala á ári: staðfest á fundi íþrótt- og æskulýðsráðs 04.10.2022 og Staðfest í sveitarstjórn 29.11.2022